



BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Anton Torfi Bergsson

1.bréf 2019

september

Til félagsmanna Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Búnaðarsamtökin hafa nú samið við Orkubú Vestfjarða um afsláttarkjör á rafmagni fyrir félagsmenn sína. Samkvæmt þeim samningi mun kílóvattstundin kosta kr. 5,31 sem er ívið lægra verði en Orkusalan treysti sér til að bjóða og er í mörgum tilvikum um 15 % lægra en bændur hafa verið að greiða fyrir rafmagn.

Þeir sem vilja njóta þessara kjara þurfa að tilkynna það til búnaðarsamtakanna, í netfangið atb@bondi.is eða síma 437 1215. Þeir sem voru búnir að tilkynna sig inn fyrir í sumar eru komnir á lista og þurfa ekki að melda sig aftur. Orkubúið mun síðan hafa samband við viðkomandi og í framhaldi af því sjá um að færa viðskiptin frá fyrri viðskiptaaðila til orkubúsins. Eins þurfa þeir sem þegar eru í viðskiptum við Orkubú Vestfjarða að láta vita svo hægt sé að setja inn afsláttarkóða hjá þeim.

Þessi samningur gildir aðeins fyrir félagsmenn Búnaðarsamtakanna. Þeim, sem ekki eru félagsmenn en vilja njóta þessara kjara er bent á að gerast félagsmenn hjá sínu búnaðarfélagi.

Jarðræktarstyrkir og landgreiðslur.

Breyting á dagsetningu umsókna frá fyrra ári.
Nú þarf að vera búíð að skrá umsóknir fyrir **1.október**

Opnað verður fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna framkvæmda á yfirstandandi ári á Bændatorginu þann 2. september nk. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 1. október nk. Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.

Framlögum til jarðræktarstyrks skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta sem og útiræktunar á grænmeti og kartöflum. Uppskeyra er forsenda fyrir jarðræktarstyrk. Beit búpenings telst vera uppskeyra og nýting kornhálms til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður.

Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf. Framlögum til landgreiðslna skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta.



Aðlögunarsamningur í sauðfjárrækt.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast afgreiðslu umsókna um aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt á grundvelli reglugerðar þar um. Umsóknarfrestur til 10. sept, nánar í Bændablaðinu eða á www.fl.is

Á aðalfundi Búnaðarsamtakanna 2. apríl sl. voru eftirfarandi tillögur samþykktar.

1. **Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 2. apríl 2019**, beinir því til stjórnar BV að leita sameiginlegra tilboða í rafmagn fyrir félagsmenn sína.
2. **Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 2. apríl 2019**, beinir því til Umhverfissráðherra og sveitarstjórna á Vesturlandi, að við endurnýjun starfsleyfis urðunar í Fíflholtum, verði gerðar ýtrustu kröfur um verklag við urðunina. Fundurinn mótmælir áformum um aukid magn sorps sem urðað er í Fíflholtum með því að taka til urðunar sorp úr öðrum landshlutum.
3. **Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 2. apríl 2019**, samþykkir að félagsgjald til Búnaðarsamtaka Vesturlands árið 2020 verði kr. 12.000.-
4. **Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 2. apríl 2019**, leggur til að árgjöld félagsmanna til samtakanna verði innheimt beint af Búnaðarsamtökunum.

Samþykkt þessi mun taka gildi á árinu 2020, þar sem mörg Búnaðarfélag eru búin að taka ákvarðanir um árgjöld sinna félgsmannt fyrir árið 2019.

5. **Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 2. apríl 2019**, beinir því til Bændasamtakanna og Landssamtaka sauðfjárbænda að taka til skoðunar fyrirkomulag hrútasstöðva og sauðfjársæðinga í landinu, með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Greinargerð: Um alllangt skeið hafa verið reknar tvær hrútasstöðvar í landinu. Færa má rök að því að hagkvæmara sé að reka aðeins eina stöð sem anni allri hrútasæðisþörf landsins, sér í lagi ef notkun á frystu sæði eykst að marki. Þá er og spurning hver ætti að reka slíka stöð. Líta mætti í þessum efnum til þess fyrirkomulags sem viðhaft er í nautgriparæktinni þar sem ein stöð í eigu Bændasamtakanna sér um alla sæðistöku. Eftir sem áður gætu búnaðarsambönd séð um dreifingu og skipulag sæðinga hvert á sínu svæði, enda tæpast aðrir betur til þess fallnir.

Stjórn BV var endurkjörin en hana skipa:
Jón Gíslason, Lundi, formaður.
Sigrún Hanna Sigurðardóttir Lyngbrekku og
Hannes Magnússon Eystri-Leirárgörðum.

Búnaðarþingsfulltrúar.

1. Jón Gíslason, Lundi.
2. Valberg Sigfússon Stóra-Vatnshorni.
3. Pétur Diðriksson Helgavatni.
4. Ásbjörn K. Pálsson Haukatungu-syðri 2.